

Reykhólahreppur
Tryggvi Harðarson,
sveitarstjóri
Maríutröð 5a
Reykholum
380 KRÓKSFJARÐARNES

Garðabær, 29. janúar 2020
2020010052/42-0
KHS, TB
jgo/tb

Framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðarveg milli Bjarkalundar og Skálaness

Vísað er til bréfs frá Reykhólahrepp, dags. 16. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að framkvæmdaleyfi Reykhólahrepps vegna Vestfjarðarvegar frá Bjarkalundi að Skálanesi sbr. umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi frá 16. desember 2019.

Eins og framangreint mál hefur þróast hefur verið ákveðið að leggja þennan hluta Vestfjarðarvegar, m.a. um Teigskóg og þvera þrjá firði Porskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð, þó umhverfisáhrif verði talsvert mikil. Þetta er gert þrátt fyrir niðurstöðu Skipulagsstofnunar um að leið D2, en ekki leið P-H, sé sá kostur sem uppfylli markmið laga nr. 106/2000 best, þ.e. að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar eins og kostur er og er það miður.

Almennt

Náttúrufræðistofnun telur drög Reykhólahrepps að greinargerð með framkvæmdarleyfi góða samantek og yfirferð yfir þá þætti sem þarf að skoða sérstaklega í sjálfri framkvæmdinni m.t.t. álits Skipulagsstofnunar um framkvæmdina og athugasemda sem bárust við hana í mati á umhverfisáhrifum. Stór hluti af því hversu vel tekst til um framkvæmdina felst í vinnubrögðum á vettvangi, eftirliti með framkvæmdinni og sveigjanleika til að breyta veglinu lítilsháttar þegar það á við með það að markmiði að lágmarka áhrif á náttúru svæðisins. Þetta getur t.d. átt við um tilfærslur í Teigskógi eða til að koma í veg fyrir óþarfa eyðleggingu á fjörum. Áður en framkvæmdir hefjast þarf því að mati Náttúrufræðistofnunar skilgreina mjög vel alla vöktun og rannsóknir og jafnframt eftirlitshlutverk s.s. sveitarfélagsins, Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar og annarra eftir því sem við á. Þetta á bæði við meðan á framkvæmdum stendur og við frágang svæða eftir framkvæmdir. Framkvæmdaleyfið þarf að vera mjög skýrt en ekki óljóst varðandi ýmsa þætti s.s. að ekki eigi að nota framandi tegundir við uppgræðslu eða endurheimt, sjá síðar. Margt af því sem hér verður minnst á hefur ýmist komið fram í mati á



Umhverfisáhrifum og umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi en eins og áður segir þarf að tryggja að framkvæmdaleyfið sé skyrt og afdráttarlaust.

Umsögn
A. Í kafla 6.2.2 er fjallað um áhrif á birkiskóglendi. Í umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi, dags 16. desember 2019, er vikið að uppgræðslu raskaðra svæða og sagt að þar skuli stefnt að nota grenndargróður. Náttúrufræðistofnun telur að í framkvæmdaleyfi eigi að skilyrða að eingöng megi nota staðargróður/grenndargróður við uppgræðslu þar sem þess er talin þörf. Þetta þarf að gera svo ekki verði ráðist í uppgræðslu sem á engan hátt tekur mið af staðargróðri eins og raunin var á í nýlegum framkvæmdum í Kjálkafirði og Kerlingarfirði.

Áform um endurheimt skóglendis, sbr umsókn um framkvæmdaleyfi, í samráði við Skógræktina þarf að útfæra betur í framkvæmdaleyfi svo ekki fari á milli mála að ætlunin sé að endurheimta birkiskóg, með birki af svæðinu, í stað þess sem eyðileggst við vegagerðina en ekki hvaða skóglendi sem er.

B. Í kafla 6.2.3 er fjallað um áhrif á votlendi. Í viðbragðskafla kemur fram að hafa skal samráð m.a. við Náttúrufræðistofnun um framkvæmdina þannig að votlendi, skóglendi og náttúrumuinjar raskist sem minnst. Þar kemur einnig fram að Vegagerðin skal hafa samráð við Reykhólahrepp og Náttúrufræðistofnun um endurheimt votlendis. Jafnframt kemur fram að Vegagerðin skuli leggja fram vöktunaráætlun um þróun fiskungviðis og botndýralífs í Þorskafirði og Djúpafirði. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til að aðstoða við framangreint eftir því sem við á. Náttúrufræðistofnun telur að skýra þurfi betur út og setja skilyrði um verklag og framkvæmd þess sem kemur fram hér að framan.

C. Í kafla 6.2.4 er fjallað um áhrif á leirur og lífríki á grunnsævi. Óvissa er um áhrif þverana fjarða á leirur og m.a. marhálm. Frá því að matsskýrsla var kynnt hefur verið ákveðið að fara í frekari mótvægisáðgerðir með því að lengja brýr og stækka brúarop og dýpka botn til að fá minni straumhraða. Reykhólahreppur gerir kröfu um að tvær brýr verði á Djúpafirði til að draga sem kostur er úr áhrifum á Djúpafjörð. Auk þess að tryggt sé að nær full vatnsskipti verði tryggð í tíma og rúmi. Á bls. 17 eru sett nokkur skilyrði en þar segir m.a. að Vegagerðin skuli kynna sér aðferðir Bretta við að endurheimta leirur og gera tilraun til að endurheimta leirur sbr. umsögn Umhverfisstofnunar við kafla 6.13.2 í matsskýrslu Vegagerðarinnar (2017). Þessi áform og skilyrði í drögum að framkvæmdaleyfi eru óljós nema hvað að Vegagerðin á að bera ábyrgð á gerð og eftirfylgni vöktunaráætlana. Það er spurning hvort það eigi alfarið að fela framkvæmdaraðila ábyrgð á þessum þætti. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti a.m.k. að tilgreina faglega samráðsaðila í framkvæmdaleyfi.

Náttúrufræðistofnun tekur undir þau skilyrði sem sett eru í kafla 6.2.4.

Fyrir utan það sem þegar er komið fram í þessum kafla telur Náttúrufræðistofnun, m.t.t. þess fjölda fjarða sem hafa verið og stendur til að þvera á Vestfjörðum, að tími sé kominn til að skoða alvarlega að endurheimta leirur í Gilsfirði með því að tryggja þar eðlileg vatnsskipti.

D. Í kafla 6.2.5 um fuglalíf vantar m.a. umfjöllum um álftir. Í mati á umhverfisáhrifum koma



Iðnokkum framkvæmdaleyfi
verður ófyrir í tvö ár og eins í tvö
þeytingum en ekki með ófyrir
en eftir eru sú þá fólkum í ljós
þótt er ófyrir en ófyrir í Berufirði.

Fram að 400-800 álfir fella fjaðir í Djúpafirði og fellifuglar hafa einnig sést í Gufufirði. Í matinu er því haldið fram að „ekkert bendi til þess að umtalsverðar breytingar verðir á fellistöðvum eða fæðuöflunar svæðum fugla síðsumars vegna þverana Porskafjarðar, Djúpafjarðar eða Gufufjarðar, ef tryggðour verður óbreyttur vatnsbúskapur í firðinum. Þveranir fjarðanna ættu ekki að hindra ferðir fuglarna eða hafa áhrif á fæðuöflun þeirra.“ (kafli 6.7.4, bls. 181). Vitnað er í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða frá árinu 2005 (Fuglalíf í Gufudalssveit og nágrenni) máli þessu til stuðnings. Eins og kemur fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar frá 14. desember 2016 telur stofnumin þessar fullyrðingar órókstuddar, sjá meðfylgjandi umsögn.

Í umsókn um framkvæmdaleyfi kemur fram að áður en framkvæmdir hefjist verði fuglar taldir vor og hausti í tvö ár og eins í tvö ár eftir að framkvæmdum lýkur og þá fyrst og fremst til að kanna nýtingu þeirra fyrir innan þveranir. Ætlunin er að leggja áherslu á talningar á rauðbrystingum en að aðrar vaðfuglategundir verða skráðar eins og komist er að orði. Þessar talningar eiga að fara fram í þeim fjörðum sem ætlunin er að raska, þ.e. Gufufirði, Djúpafirði og Porskafirði, en einnig í Berufirði til samanburðar. Á haustin verður áhersla lögð á talningu vaðfugla á leirum en einnig vaðfugla, einkum í Djúpafirði, en ætlunin er auk þess að telja fugla í Gufufirði og Porskafirði.

Náttúrufræðistofnun telur að framangreind áform um vöktun fugla fyrir og eftir framkvæmdir séu ófullnægjandi og vísar í umsögn sína um matsskýrslu frá því í desember 2016 þar sem bent var á alþjóðlegt mikilvægi Gufufjarðar og Djúpafjarðar fyrir rauðbrystinga og álfir í fjaðrafelli. Náttúrufræðistofnun benti einnig á að nokkur óvissa ríkti um áhrif framkvæmda á álfir og fuglalíf síðsumars. Þeirri óvissu hefur ekki verið eytt að mati Náttúrufræðistofnunar og er henni ekki kunnugt um að heinar athuganir hafi verið gerðar til að eyða þeirri óvissu, þrátt fyrir fullyrðingar í drögum að framkvæmaleyfi að áhrif á (væntanlega alla fugla) verði tímabundin en ekki varanleg.

Yfir eitt búsund álfir hafa fellt fjaðir á framkvæmdasvæðinu, einkum í Djúpafirði og Gufufirði. Aðrir umtalsverðir fellistaðir innan Reykhólahrepps eru í Gilsfirði, Króksfirði og Berufirði og er því engin furða að álfir skuli vera í merki hreppsins. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að fylgst verði með þessum fuglum (fjölda, dreifingu og hegðun) með reglulegum talningum og að þær nái a.m.k. yfir fimm ár eftir að framkvæmdum lýkur. Það sama gildi um aðrar fuglarannsóknir sem ætlunin er að ráðast í. Eins þarf að fylgjast með fleiri svæðum til samanburðar og er lagt til að svæðið frá Gilsfirði vestur í Skálmarfjörð verði undir. Eins að þessi áætlun verði unnin í samráði við Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur eftir atvikum.

Setja þarf framangreint sem skilyrði í framkvæmdaleyfi en ekki er minnst á aðrar fyrirhugaðar fuglarannsóknir þar að undanskildu því að rætt er um erni og æðarvarp. Náttúrufræðistofnun hefur ein stundað samfelldar rannsóknir á örnum í áratugi og því eðlilegt að samráð sé haft við hana um framkvæmdir við arnarreiður eins og kemur fram í drögum að framkvæmdaleyfi.

Fram kemur í drögum að framkvæmdaleyfi að Reykhólahreppur hafi leitað álits Náttúrufræðistofnunar á því hvort þörf væri á frekari rannsóknum á fuglalífi síðumars eins og fram kom í athugasemðum stofnunarinnar við matsskýrslu (desember 2016). Síðan segir:



3. Náttúrufræðið fólkur um
íslenskum. Hér er sýnt náttúrvarðveisla
með fljóttum segindum eins og til
Vestfjörðum. Frægðin berfum ekki
bundna him á vegnum hennar. Þetta þarf

For further information, call your Glendale

“Samkvæmt áliti stofnunarinnar er hún ekki viss hvort slíkt þurfi” (gulmerkt í drögum að framkvæmdaleyri). Að mati Reykhólahrepps er sú óvissa ekki til þess fallin að breyta megin niðurstöðu umhverfismatins.” Náttúrufræðistofnun kannast ekki við framangreint „álit” um að stofnunin sé ekki viss hvort slíkt þurfi, sbr. hér að framan, og telur þessa framsetningu ekki eiga heima í framkvæmdaleyfinu. Sjá annars athugsemdir hér að framan um fuglarannsóknir.

Gera þarf vöktunaráætlun fyrir fugla áður en framkvæmdir hefjast og setja fram skilyrði í framkvæmdaleyfi um útfærslu hennar og framkvæmd.

E. Náttúrufræðistofnun tekur undir skilyrði um mótvægisaðgerðir í kafla 6.2.8 um áhrif á landslag. Hér er afar mikilvægt að það sé tryggt að við endurheimt gróðurþekju sé ekki verið að nota framandi tegundir eins og t.d. lúpínu sem hefur greinilega verið gert á mörgum stöðum á Vestfjörðum. Tryggja þarf að ekki sé verið að taka efni þar sem er lúpína vex og hún berist þannig inn á vegsvæðið. Þetta þarf að vera hluti af skilyrðum í framkvæmdaleyfi.

Setja þarf almennt skilyrði um að Vegagerðin tilgreini þá fagaðila sem koma að gerð vöktunar- og/eða rannsóknaráætlana sem hún ber ábyrgð á skv. framkvæmdaleyfi.

Virðingarfyllst

François Baldassarre

Trausti Baldursson

forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar



Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson,
sviðsstjóri umhverfissviðs
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. desember 2016
2015090026/42-2
KHS, TB
jgo/tb

**Frummatsskýrsla, Vestfjarðarvegur (60) milli Bjarkalundar og Skálaness,
Reykhólahreppi, umsögn**

Vísað er til bréfs dags 24. október sl þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir því að Náttúrufræðistofnun gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar milli Bjarkalundar og Skálaness og þá í samræmi við reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun er ætlað á grundvelli starfssviðs stofnunarinnar (sbr. 68. gr. laga nr. 60/2013) að meta hvort gerð sé á fullnægjandi hátt grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaaðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisæðgerðum og vöktun.

Framkvæmd og umhverfi

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdaaðli geri á fullnægjandi hátt grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi.

Umhverfisáhrif og mat framkvæmdaraðila á þeim

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdaaðli geri í flestum tilvikum fullnægjandi hátt grein fyrir umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar og það sama á við um mat framkvæmdaaðila á þeim. Á þessu eru nokkrar undantekningar sem gerð verður frekari grein fyrir hér að neðan og er þá fylgt kaflaheimum og blaðsíðutali í frummatsskýrslu.

6.7 Fuglalíf

Haförn

the first time in the history of the world, the people of the United States have been compelled to make a choice between two political parties, each of which has a distinct and well-defined platform, and each of which has a definite and well-defined object in view. The people of the United States have been compelled to make a choice between two political parties, each of which has a distinct and well-defined platform, and each of which has a definite and well-defined object in view.

186
The following is a list of the names of the
members of the Society of Friends, who
have been buried in the cemetery at
Woolwich, since its formation in 1825.
The names are arranged in alphabetical
order, and the date of death is given
in parentheses.

Fram kemur að arnarvarp sé í Djúpafirði og að leiðir H1 og Þ-H liggi nálægt þekktum varpstað. Eins að sprengingar á leiðum D2 og H1 geti haft í för með sér mikinn hávaða og mögulega haft áhrif á arnarvarp á varptíma (bls. 181). Í samanburði á áhrifum leiða á fuglalíf (Tafla 6.7.2, bls. 182) er það mat Vegagerðarinnar að leið A1 hafi óveruleg áhrif á haförn en aðrar leiðir hafi nokkuð neikvæð áhrif.

Í niðurstöðum um mat á umhverfisáhrifum á fuglalíf er fullyrt að leið H1 muni hafa mest neikvæð áhrif á erni, en að áhrifin verði aðeins tímabundin vegna sprenginga á framkvæmdatíma (bls. 311). Ekki er ljóst hvernig komist er að þessari niðurstöðu, enda er hún í ósamræmi við það mat sem kemur fram hér að ofan. Að mati Náttúrfræðistofnunar velta áhrif á arnarvarp á framkvæmdatíma á því hvernig staðið verður að framkvæmdum. Tiltölulega auðvelt ætti að vera hnika einstökum verkþáttum þannig að framkvæmdir valdi ekki óæskilegum truflunum. Varanleg áhrif framkvæmda verða einhver en væntanlega ásættanleg svo fremi sem gefnar forsendur haldi. Þó er ljóst að umferð um veg um mynni Djúpafjarðar og aukið aðgengi að þessu svæði í kjölfarið mun valda meiri truflunum en þeir kostir sem sneiða þar hjá.

Álft

Fram kemur að 400-800 álfir felli fjaðrir á Djúpafirði og að fellifuglar hafi einnig sést í Gufufirði (kafli 6.7.1, bls. 178). Fullyrt er að „*ekkert bendi til þess að umtalsverðar breytingar verðir á fellistöðvum eða fæðuöflunarsvæðum fugla síðsumars vegna þverana Porskaffjarðar, Djúpaffjarðar eða Gufufjarðar, ef tryggður verður óbreyttur vatnsbúskapur í firðinum. Þveranir fjarðanna ættu ekki að hindra ferðir fuglanna eða hafa áhrif á fæðuöflun þeirra .*“ (kafli 6.7.4, bls. 181). Vitnað er í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða frá árinu 2005 (Fuglalíf í Gufudalssveit og nágrenni) máli þessu til stuðnings.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru þessar fullyrðingar um að þveranir ættu ekki að hindra ferðir álfta og fæðuöflun þeirra ekki rökstuddar og er ekki vísað til neinna heimilda eða athugana því til stuðnings. Sama á við um mat framkvæmdaaðila að framkvæmd ætti ekki að hafa áhrif á fugla á síðumri, óháð leiðavali (kafli 6.7.4, bls. 181). Í samanburði á áhrifum leiða á fuglalíf (Tafla 6.7.2, bls. 182) er það mat Vegagerðarinnar að allar leiðir hafi óveruleg áhrif. Nær væri að segja (a.m.k.) að óvissa sé um áhrif leiða H1 og Þ-H).

Þrír valkostir gera ráð fyrir vegfyllingum um mynni Djúpafjarðar og Gufufjarðar sem hljóta að verða einhver hindrun fyrir álfirnar sem hingað til hafa fært sig mikið milli þessara fjarða. Hefði t.d. mátt styðja þessa fullyrðingu með athugunum í Gilsfirði en þar fella álfir fjaðrir sitt hvorum megin við vegfyllinguna. Auk þess skal bent á að fjöldi álfta á í fjörðunum þremur hefur aukist mikið undanfarin ár og voru þar alls um 1500 fuglar í fjaðrafelli síðastliðið sumar, langflestar á Djúpafirði. Er þetta 4-5% af íslenska álfastofninum og hefur þetta svæði því ótvíraett alþjólegt verndargildi fyrir álft og hefur haft lengi. Álfastofninn var nýlega metinn og er nú um 34 þúsund fuglar (Hall o.fl. 2016. Population size and breeding success of the Icelandic Whooper Swan Cygnus cygnus: results of the 2015 international census. Wildfowl 66: 75–97).

Æðarvarp. Fullyrt er að eina mikilvæga búsvæði varpfugla sem verði raskað sé friðlýst æðarvarp á Stað og Árbæ sem leiðir A1 og I liggi um og að þessar leiðir hafi því meiri neikvæð áhrif á

fugla en aðrar leiðir (kafli 6.7.4, bls 181). Í samanburði á áhrifum leiða á fuglalíf (Tafla 6.7.2, bls. 182) er það mat Vegagerðarinnar að leiðir A1 og I hafi veruleg neikvæð áhrif á varpfugla (æðarvarp) en aðrar leiðir nokkuð neikvæð áhrif. Hér telur Náttúrufræðistofnun að nokkurs misskilnings gæti. Umrætt svæði telst að vísu friðlýst æðarvarp, sbr. mynd 6.2.4, bls. 116.

Æðarvarp á umræddum jörðum er væntanlega að langmestu - eða jafnvel öllu leyti í eyjum sem ekki fjarar út í og því er afar ólíklegt að vegagerð muni hafa nokkur umtalsverð áhrif á æðarvarp á Stað og Árbæ sem reyndar er eitt af stærstu æðarvörpum á landinu (sbr bls. 115).

Náttúrufræðistofnun telur því of mikið gert úr áhrifum þessara leiða á fuglavarp. Væntanlega er hægt að varpa ljósi á þetta með samtali við þá sem nýta varpið.

Straumönd. Bent er á að straumönd (er á válista sem tegund í nokkurri hættu) verpi líklega upp með Djúpadalsá og Gufudalsá en að vegaframkvæmdir ættu ekki að hafa mikil áhrif á hana. Annars staðar er fullyrt að leið D2 gæti haft meiri áhrif á varp straumandar en aðrar leiðir, því mögulegt sé að framkvæmdir við ósa Djúpadalsár gætu truflað varp hjá straumöndinni (kafli 6.7.4, bls 181). Í samanburði á áhrifum leiða á fuglalíf (Tafla 6.7.2, bls. 182) er það mat Vegagerðarinnar að leið D2 hafi nokkuð neikvæð áhrif á tegundir á válista (les straumönd), en að aðrar leiðir hafi óveruleg áhrif. Náttúrufræðistofnun bendir á að ósar Djúpadalsár teljast ekki varpkjörlendi straumanda, þótt þær fari þar um og hafi sést þar með stálpaða unga, eins og fram kemur í fylgiskjölum. Því er að mati Náttúrufræðistofnunar afar ólíklegt að vegagerð á þessu svæði hafi nokkur áhrif á straumendur og ætti því mat á áhrifum á straumönd að vera það sama fyrir alla kosti.

Samanburður á áhrifum leiða á fuglalíf (Tafla 6.7.2, bls. 182). Í töflunni er dregið saman mat Vegagerðarinnar á áhrifum mismunandi kosta á fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun telur í ljósi þessi sem fram kemur hér að ofan að áhrif leiða A1 og I á æðarvarp séu ofmetin um 1-2 flokka; að áhrif leiðar D2 á fugla á válista sé ofmetin um einn flokk (sbr. umfjöllun um straumönd hér að ofan og að áhrif þeirra leiða sem þvera Djúpafjörð og Gufufjörð um mynni þessara fjarða á fugla síðsumars séu óþekkt, sbr. umfjöllun um álfþ hér að ofan.

Að mati Náttúrufræðistofnunar ber því að endurskoða niðurstöðu um mat á umhverfisáhrifum á fugla (bls. 311) en þar er komist að þeirri niðurstöðu að leiðir P-H og H1 muni hafa minnst áhrif á fugla og verði þau óveruleg. Á sama hátt er komist að því að leið D2 muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á fugla og er þar sérstaklega vísað í straumönd. Loks að leiðir I og A1 muni hafa mest áhrif á fugla (talsverð neikvæð áhrif) og er þar sérstaklega vísað til friðlýsts æðarvarps.

6.10 Lífríki í fjöru, leiru og á grunnsævi

Sýndar eru samantekt á skerðingu á fjörugerðum sem hljótast munu af mismunandi valkostum (Tafla 6.10.4, bls. 214); skerðingu sjávarbotns vegna vegagerðar og botnsrofs (Tafla 6.10.5, bls. 216 og myndir á bls. 217.); og skerðingu marhálmss (Tafla 6.10.6, bls. 221). Þessar upplýsingar eru síðan notaðar til að bera saman áhrif leiða á lífríki í fjöru, leiru og grunnsævi (Tafla 6.10.7, bls. 223).

Að mati Vegagerðarinnar verða áhrif leiðar A1 og I talsverð neikvæð á lífríki í fjörum og leirum, en áhrif leiða D2, H1 og Þ-H þau sömu, þ.e. nokkuð neikvæð. Þetta mat virðist byggjast að mestu á flatarmáli skerðingar fjrugerða (Tafla 6.10.4). Þar kemur fram að samtals mun skerðast 11,8 ha við leið A1 og I; 9,5 ha við leið Þ-H; 6,1 ha við leið H1 og 4,2 ha við leið D2. Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði verið nær í ljósi þessar stærðarskiptingar að skipa áhrifum af leið Þ-H með leið A1 og I en með leið H1 og D2. Álitamál er hvort það breyti heildarmatinu fyrir áhrif á lífríki og fjöru.

Mótvægisaðgerðir og vöktun

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við mótvægisaðgerðir eða vöktun er varðar framvindu gróðurs, en telur áform um aðra vöktun vera ófullnægjandi, sérstaklega í ljósi tiltekinna óvissuháttar. Hafrannsóknarstofnun hefur bent á að mikilvægt sé að lífríki fjarðanna verði vaktað ef þeir verða þveraðir og þá sé jafnframt mikilvægt að gera úttekt á svæðinu áður en framkvæmdir hefjast (bls. 222). Vegagerðin gerir einungis tillögur um mælingar og vöktun er lúta að eðlisþáttum sjávar og útbreiðslu og þéttleika fiskungviðis (bls. 308). Náttúrufræðistofnun telur að áhrif á fjöru og grunnsævi séu mestri óvissu undirorpun og leggur því til að aflað verið nauðsynlegra grunngagna og í framhaldi verði t.d. eftirfarandi þættir vaktaðir:

- Lífríki fjöru innan hugsanlegra þverana
- Marhálmur, þéttleiki og útbreiðsla
- Notkun fugla á fjöru og grunnsævi, þar með taldar álfir í fjaðrafelli
- Þegar er fylgst náið með arnarvarpi á svæðinu og verður væntanlega áfram

Samlegðaráhrif

Í matsskýrslu er fjallað um samlegðaráhrif og þá einungis tveggja áfanga Vestfjarðarvegar (Tafla 6.13.2, bls. 299). Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði Vegagerðin einnig átt að fjalla um samlegðaráhrif vegagerðar á verndarsvæðið við Breiðafjörð og í stærra samhengi. Þess má geta að þegar er búið að þvera fimm firði við Breiðafjörð (Hraunsfjörð á tveimur stöðum; Kolgrafarfjörð, Gilsfjörð, Mjóafjörð og Kjálkafjörð). Tvær þessara þverana (innri hluti Hraunsfjarðar og Gilsfjörður) höfðu mikil áhrif enda voru firðirnir í raun stíflaðir og mikið af fjörum eyðilagðist. Slík umfjöllun er í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar frá 2005: [samlegðaráhrif] „getur einnig varðað áhrif sem fleiri en ein framkvæmd eða áætlanir hafa samanlagt eða sammagnað á tiltekinn umhverfispátt eða tiltekið svæði“.

Niðurstaða

Almennt má segja um frummatskýrslu framkvæmdaaðila að hún sé vel unnin og ítarleg. Eins er mat á umhverfisáhrifum yfirleitt vel rökstutt og auðvelt að átta sig á forsendum þess.

Náttúrufræðistofnun telur að Vegagerðin þurfi að endurskoða mat sitt á áhrifum á fugla og lífríki fjöru. Eins þarf ljósi umfangsmikilla vegagerðar og þverana á verndarsvæði Breiðafjarðar að meta samlegðaráhrif þeirra framkvæmda á svæðið í heild.

Náttúrufræðistofnun tekur undir það mat Vegagerðarinnar að leið D2 hafi minnst neikvæð umhverfisáhrif af þeim leiðum sem voru skoðaðar. Leiðaval Vegagerðarinnar virðist hins vegar alfarið byggja á öðru en niðurstöðu umhverfismatsins og því ekki vera í samræmi við b lið 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þ.e. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson